

Útdráttur

Markmið rannsóknarinnar er að skoða hvort að samband sé á milli fjölda íþróttagreina sem stundaðar voru á barnsaldri og árangurs í íþróttum almennt. Notuð var meginleg aðferðafræði þar sem nemendur í tveimur framhaldskólum svöruðu spurningalista sem innihélt ellefu spurningar sem tengdust viðfangsefni rannsóknarinnar.

Helstu niðurstöður voru þær að til þess að árangur náist í íþróttum á fullorðinsárum virðist betra að vera í fleiri en einni íþróttagrein. Mun fleiri einstaklingar stunda íþróttir í skólum þar sem bekkjarkerfi er og stunda þeir iðju sína oftast 3-4 sinnum í viku. Þá virðist áhugaleysi vera ein stærsta orsök þess að börn og unglingar hætti í íþróttum. Eins og búast mátti við eru knattspyrna og handknattleikur vinsælustu íþróttirnar og einnig er algengt að nemendur sem að eru komnir í menntaskóla stundi líkamsrækt af einhverju tagi sem að er mjög jákvætt.

Formáli

Þessi ritgerð til B.S gráðu í íþróttufræðum er unnin í samstarfi við Óskar Þórðarson aðjúntkt við Háskóla Íslands. Vil ég færa honum bestu þakkir fyrir aðstoðina. Mig langar einnig að þakka Verslunarskóla Íslands og Fjölbrautarskólanum í Breiðholti fyrir hlýju í minn garð ásamt þeim þátttakendum sem tóku þátt í könnuninni. Erlingur Kristjánsson fær einnig þakkir fyrir að taka þátt í viðtali. Að lokum vil ég þakka fjölskyldu minni, Hjördísi Sigurbjörnsdóttur unnustu minni og Heklu Rán Kale dóttur minni fyrir ómetanlegan stuðning og þolinmæði. Að ógleymdu vil ég þakka Kristínu Tryggvadóttir tengdamóðir minni fyrir aðstoð við yfirlestur og framsetningu.